

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023–2026

1. Almenn um aðgerðaáætlunina

Því ber að fagna sérstaklega að megináherslan í aðgerðaáætluninni, níu aðgerðir af 18, er á íslensku sem annað mál og íslenskunám innflytjenda, enda fátt mikilvægara fyrir framtíð íslenskunnar. Það er gífurleg aukning í notkun annarra tungumála í landinu, einkum ensku. Þessi aukning stafar annars vegar af sprengingu í ferðaþjónustu þar sem enska er aðal tungumálið, og hins vegar af mikilli fjölgun fólks með annað móðurmál sem kemur hingað til að setjast að eða til að vinna hér tímabundið. Enska er aðalsamskiptamál milli innfæddra og þess fólks, og einnig innbyrðis milli fólks af mismunandi þjóðernum. Nú eru farin að verða til hér á landi afmörkuð málsamfélög þar sem íslenska er ekki notuð og fæstir kunna íslensku.

Það er nokkuð ljóst að fólki með annað móðurmál en íslensku mun enn fara fjölgandi á næstu áratugum, og enskunotkun aukast. Ekkert bendir til annars en ferðafólki haldi áfram að fjölga. Atvinnurekendur kalla eftir meira vinnuafli og því hefur verið spáð að eftir 20-30 ár verði allt að helmingur fólks á vinnumarkaði af erlendum uppruna. Á sama tíma er fæðingartíðni í sögulegu lágmarki. Allt þetta leiðir til þess að hlutfall enskunotkunar á móti íslenskunotkun hefur farið og fer hækkandi, og ef svo fer fram sem horfir er alls ekki óhugsandi, og jafnvel líklegt, að um miðja þessa öld muni enska hafa tekið við af íslensku sem aðalsamskiptamálið í landinu. Þessi aðgerðaáætlun þarf að geta snúið þeirri þróun við og er því gífurlega mikilvæg.

Aðgerðaáætlunin er metnaðarfull á margan hátt og í henni er að finna fjölda góðra áforma um aðgerðir sem örugglega munu efla íslenskuna verulega ef þeim verður hrint í framkvæmd. En þessar aðgerðir kosta fé – mismikið vissulega, en verulegar upphæðir þegar allt er talið. Það er megingalli aðgerðaáætlunnar að henni fylgja engar fjárveitingar, og fjármálaáætlun næstu fimm ára gefur litlar vísbendingar um að ríkisstjórnin áformi að verja verulegu fé til eflingar íslenskunnar á næstu árum. Auðvitað er ljóst að fé er ekki veitt með þingsályktun og allar fjárveitingar þurfa að vera á fjárlögum, en það hefði verið mikill kostur ef einstökum liðum áætlunnarinnar hefði fylgt kostnaðarmat þótt slíkt mat geti aldrei orðið annað en vísbending.

Það er auðvelt að samþykkja tillögu um eflingu íslenskunnar ef hvergi kemur fram að henni fylgi einhver kostnaður, en kostnaðarmat auðveldar alþingismönnum að taka upplýsta afstöðu til tillögunnar og meta hvort þeim finnst væntanlegur ávinningur réttlæta kostnaðinn við aðgerðirnar. Það er mikilvægt að samþykkt þingsályktunartillögunnar feli í sér siðferðilega skuldbindingu um að styðja fjárveitingar til að framfylgja henni og hugmynd um líklegan kostnað er forsenda þess. Þess vegna er nauðsynlegt að áður en tillagan verður lögð fyrir Alþingi verði reiknaður út líklegur kostnaður á hvern lið, líkt og gert var við aðgerðaáætlun stjórnvalda í íslenskri máltækni sem unnið var eftir á árunum 2019-2022 og gafst mjög vel.

2. Athugasemdir við einstaka liði

2. grein: „Gerðar verða úttektir á vegum stofnana háskóla um hvernig tryggja megi gæði í íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur [...]“. Í upptalningu samstarfsaðila eru nefndir „háskólar“. Það er mikilvægt að í þessum úttektum sé byggt á reynslu og þekkingu á kennslu íslensku sem annars máls og annarsmálsfræðum. Slík reynsla og þekking er langmest innan Háskóla Íslands þar sem m.a. starfa nokkrir doktorar á þessu sviði. Þess vegna væri eðlilegt að tilgreina Háskóla Íslands sérstaklega þarna.

4. grein: „Aðgengi að námi í íslensku á háskólastigi verði bætt með því að bjóða upp á fjarnám í íslensku til BA-prófs.“ Sem hugsanlegir samstarfsaðilar eru tilgreindir hér Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Háskólinn í Reykjavík. Það er sérkennilegt þar sem engin íslenskukennsla fer fram við Háskólann í Reykjavík og við Háskólann á Akureyri er íslenska ekki kennd sem sjálfstæð grein heldur aðeins sem hluti af kennaranámi. Háskóli Íslands er eina menntastofnunin þar sem íslenska er kennd til BA-prófs. Þar er líka mikil reynsla af fjarkennslu – íslenska var í boði í fjarnámi á árunum 1999-2008, þegar námið lagðist af vegna fjárskorts. Einnig verður að benda á að tímaáætlunin 2023-2024 er óraunhæf – sómasamleg fjarkennsla krefst meiri undirbúnings.

6. grein: „Háskólabró fyrir innflytjendur.“ Sem hugsanlegir samstarfsaðilar eru tilgreindir hér Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands. Eðlilegt væri að bæta Háskólanum á Bifröst við, því að þar hefur nám af þessu tagi verið í boði.

7. grein: „Aflað verði reglubundinna upplýsinga um viðhorf landsmanna til tungumálsins til að meta árangur og þörf fyrir frekari þróun aðgerða í þágu tungumálsins.“ Í greinargerð segir: „Eins og fræðimenn og fulltrúar í Íslenskri málnefnd hafa bent á skiptir viðhorf málnotenda sköpun við þróun og afdrif tungumála, ekki síst í nánú sambýli tveggja eða fleiri mála.“ Á þetta var fyrst bent – og hefur margsinns verið ítrekað – í skrifum stjórnenda verkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*. Það er líka sérkennilegt og raunar fráleitt að eini samstarfsaðilinn sem hér er tilgreindur er Íslensk málnefnd. Íslensk málnefnd er ekki rannsóknastofnun og hefur hvorki fagþekkingu, mannafla né fjármagn til að gera rannsóknir af þessu tagi. Aftur á móti er mikil reynsla af slíkum rannsóknum við Háskóla Íslands og má vísa til verkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* en viðhorfsskönnun var einn hluti þess, sbr. t.d. [grein](#) í *Netlu* 2018. Því er einboðið að tilgreina Háskóla Íslands hér sem samstarfsaðila – einkum Málvísindastofnun en einnig Félagsvísindastofnun.

8. grein: „Mikilvægi tungumálsins verði ávallt haldið á lofti í samhengi listsköpunar og miðlunar menningar, ekki síst fyrir börn og ungmenni.“ Hér væri eðlilegt að nefna Listaháskóla Íslands sem einn samstarfsaðila. Einnig mætti nefna nýstofnað Rannsóknasetur skapandi greina sem Háskólinn á Bifröst, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum og Listaháskóli Íslands standa að.

9. grein: „Greining verði gerð á umfangi og möguleikum fyrir aukna talsetningu og textun myndefnis á íslensku, með sérstakri áherslu á börn og ungmenni og heyrnar- og sjónskerta [...]“ Hér væri eðlilegt að tilgreina Samstarf um íslenska máltækni meðal samstarfsaðila. Möguleikar á aukinni textun og talsetningu fara mjög eftir því hvernig hægt verður að nýta máltækni og gervigreind á þessu sviði.

12. grein: „Þróaðir verði innviðir fyrir miðlun rafræns námsefnis fyrir öll skólastig sem bæti aðgengi að fjölbreyttum námsgögnum á íslensku og stuðli að hraðari þróun þess og uppfærslum.“ Hér er einungis Menntamálastofnun tilgreind sem mögulegur samstarfsaðili, en vitaskuld gefa ýmsir fleiri aðilar út margs konar námsefni, einkum fyrir framhaldsskóla. Nauðsynlegt er að tilgreina einnig Félag íslenskra bókaútfendna sem samstarfsaðila, sem og Hagþenki.

17. grein: „Gerðar verði kröfur, og hvatar til þess eflidir, að innflytjendur nái tökum á grunnfærni í íslensku.“ Hér þarf að huga vel að orðalagi. Hvar verða slíkar kröfur gerðar, hvernig verður þeim framfylgt, og hvernig verður fólki gert kleift að uppfylla þær? Það er líka dálítið

hæpið að tala um að „ná tökum á færni“ – fólk nær færni í málinu og nær tökum á málinu. Í stað þess að tala um kröfur mætti segja: „Lögd verði áhersla á að innflytjendur öðlist grunnfærni í íslensku og þróaðir jákvæðir hvatar til að stuðla að því.“

3. Nauðsynlegar aðgerðir sem ekki eru í áætluninni

Vitanlega er ekki hægt að gera allt í einu, en í áætlunina vantar samt þrjár mjög mikilvægar og brýnar aðgerðir sem ég hefði kosið að hefðu verið hafðar með og mega a.m.k. alls ekki bíða fram yfir gildistíma áætlunarinnar. Þær eru þessar:

1. Mjög mikilvægt er að efla rannsóknir á íslensku máli og stöðu þess. Hér verður að benda á að eftir sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskólans fyrir 15 árum voru samtals 12 akademísk störf í íslenskri málfræði í sameinuðum skóla en núna eru þau aðeins sjö – hefur fækkað um fimm. Vegna þess að nemendum í íslensku hefur fækkað verulega að undanförunu, bæði á Menntavísindasviði og sérstaklega Hugvísindasviði, er ljóst að reiknilíkan háskólastigsins mun ekki leyfa fjölgun kennara á næstunni, og hætta er á enn frekari fækkun þegar kennarar fara á eftirlaun. Rannsóknir eru 40% af vinnuskyldu háskólakennara í akademískum störfum og því gefur augaleið að fækkun kennara leiðir til minni rannsókna.

Við vitum að miklar hræringar eru í málinu og málsamfélaginu um þessar mundir og gífurlega mikilvægt að fylgjast vel með því sem er að gerast til að unnt sé að grípa til aðgerða ef ástæða er til. Vissulega eru stærri rannsóknarverkefni að miklu leyti fjármöggnuð af styrkjum úr samkeppnissjóðum, en eftir sem áður er nauðsynlegt að hafa fræðimenn í föstum störfum til að skipuleggja verkefni, stjórna þeim, og tryggja samfellu í starfinu. Það er því mjög alvarlegt að á sama tíma og þörfin fyrir rannsóknir er meiri og brýnni en nokkru sinni fyrr skuli hafa dregið stórlega úr rannsóknargetu á þessu sviði. Við því verður að bregðast með fjölgun kennara í íslenskri málfræði sem fyrst, og æskilegt hefði verið að taka á því máli í aðgerðaáætluninni.

2. Í framhaldi af þessu verður að nefna að ekki eru í áætluninni neinar aðgerðir til að fjölga háskólanemum í íslensku, að því undanskildu að lagt er til að boðið verði upp á fjarnám í íslensku til BA-prófs. Það er góðra gjalda vert en ræðst ekki að rótum vandans, sem er sá að íslenskunám virðist af einhverjum ástæðum ekki höfða til ungs fólks – e.t.v. vegna þess að það óttast að lenda í blindgötu og áttar sig ekki á því að íslenskunám gefur marga og fjölbreytta möguleika á framhaldsnámi og störfum. Nýnemum í íslensku til BA-prófs við Háskóla Íslands hefur farið ört fækkandi undanfarin ár og voru ekki nema svolítið á annan tug í vetur, og nemendum sem velja íslensku sem kjörsvið á Menntavísindasviði hefur einnig farið fækkandi.

Þessi fækkun hefur keðjuverkandi áhrif – leiðir miðað við fjárhagslíkan Háskólans til minnkaðra fjárveitinga sem aftur leiðir til minnkaðs námsframboðs sem leiðir svo til þess að námið verður ekki eins áhugavert og áður í augum nemenda og aðsókn minnkar enn. Ef svo fer fram sem horfir mun þetta ástand leiða til skorts á íslenskukennurum eftir nokkur ár. Það er brýnt að kanna hvers vegna íslenskunám höfðar ekki til ungs fólks og nýta niðurstöður úr þeirri könnun til að reyna að snúa þessari þróun við og vekja áhuga ungs fólks á íslenskunámi. Í því skyni er nauðsynlegt að skipuleggja öfluga kynningu í framhaldsskólum, en einnig getur þurft að breyta íslenskukennslu í framhaldsskólum og Háskólanum og grípa til ýmissa fleiri aðgerða.

3. Þótt vísað sé til Íslenskrar málnefndar á nokkrum stöðum í aðgerðaáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um málefni nefndarinnar, en nauðsynlegt er að efla hana og hugsa upp á nýtt. Tíu af 16 fulltrúum í nefndinni eru fulltrúar félaga og stofnana sem vinna með íslenskt mál á einn eða annan hátt, og langflest þeirra sem nú sitja í nefndinni eru með einhverja háskólamenntun í íslensku. Þetta skipulag endurspeglar úrelt viðhorf til tungumálsins og hverjum það komi við.

Það má segja að næstum allir nefndarmenn séu fulltrúar „framleiðenda“ (eða „eigenda“) tungumálsins, fólks sem hefur atvinnu af því að vinna með íslenskt mál, en fulltrúa „neytenda“ málsins, almennra málnotenda, vanti nær algerlega í nefndina. Þessu er nauðsynlegt að breyta.

Það mætti hugsa sér að í nefndina bættust t.d. fulltrúar samtaka atvinnurekenda og launafólks, Öryrkjabandalagsins, Samtakanna '78, Kvenréttindafélagsins, Íþróttasambands Íslands, Heimilis og skóla, Landssamtaka íslenskra stúdenta, Sambands íslenskra framhaldsskólanema og Samtaka Pólverja á Íslandi. Þar með væru komnir jafnmargir fulltrúar „neytenda“ og „framleiðenda“ í nefndina. Slík nefnd er vitaskuld of stór til að hægt sé að gera ráð fyrir að hún fundi oft eða fundir hennar verði skilvirkir. Hins vegar byði þessi skipan upp á að nefndinni yrði skipt í undirnefndir þar sem fjölbreytt sjónarmið fengju að njóta sín í hverri nefnd. En auk þessa er mikilvægt að styrkja nefndina fjárhagslega og sjá henni fyrir skrifstofu og starfsfólki.